

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um stöðu hjólréiðaáætlunar og upphitun göngu- og hjólastíga (US200133).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs, 13. maí 2020, var lögð fram fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og er svohljóðandi:

Í febrúarmánuði 2019 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg myndi hefja stórsókn í upphitun göngu- og hjólastíga í borginni. Tillagan hefur ekki enn hlotið afgreiðslu. Óskað er eftir upplýsingum um stöðu málsins og hvers vegna það hefur tafist með þessum hætti? Jafnframt er óskað eftir skriflegum svörum um það hver staðan er á hjólréiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020? Hvenær fer vinna af stað við næstu hjólréiðaáætlun og hverjir munu skipa stýrihóp um málefnið?